

Ársskýrsla Framkvæmdaráðs frá landsfundi  
12. nóv. '95 til 2. nóv. '96

Gefið var út blaðið „Eitt sinn saman" sem kom út 1. desember. Blaðið var gefið út í samvinnu Vikublaðs, Alþýðublaðs, Þjóðvakablaðs og Pilsaþits. Þórhildur Þorleifsdóttir var í ritnefnd þess. Anna Ólafsdóttir Björnsson annaðist heimasíðugerð fyrir Kvennalistann á Internetinu.

Fyrir áramót var bréf sent til framkvæmdanefnda anganna þar sem fylgt var eftir umræðum frá síðasta landsfundi um framtíð Kvennalistans. Þingkonur fóru síðan í alla anga og voru á fundum þar sem urðu góðar umræður. Konur voru almennt sammála um að nú sem aldrei fyrr væri þörf á Kvennalista og því sem við stöndum fyrir. Kvennalisti stóð fyrir málþingi í lok febrúar. Mæting var góð, milli 50 og 60 manns og þótti það takast ágætlega. Í mars var fundur á Kornhlöðulofti „Veröldin og við" þar sem fjallað var um gildi alþjóðasamstarfs fyrir konur.

Samráðsfundur var haldinn 2. mars '96. Þar voru rædd fjármál, Vera, húsnaðismál, breytingar á vinnulöggjöf og réttindi opinberra starfsmanna, fæðingarorlof, vorþing og samþykkt var ályktun samráðsfundar. Símasamráð var haldið 9. apríl. Rætt var um hvort, hvenær og hvar ætti að halda Vorþing. Vorþingið var haldið 16. maí í Skíðaskála Breiðabliks í Bláfjöllum. Rætt var um stöðuna í þingmálum og borgarmálum, framtíðarstefnu í útvarpsmálum, og stöðu kvenna í verkalýðshreyfingunni. Kamilla Rún Jóhannsdóttir og Sigrún Erla Egilsdóttir komu síðan og ræddu um stöðu jafnréttismála innan Háskólangs. Kvennalistinn á norðanverðum Vestfjörðum var styrktur vegna kosningabaráttu í sveitarstjórnarkosningum. Vesturlandsangi var styrktur vegna árlegs fræðslubæklings. R-listi var styrktur vegna bæklings í tilefni 2 ára valda-afmælis. Norðurland eystra var styrkt til ráðstefnuhalds um heilbrigðismál.

Áslaug Thorlacius starfskona fór í fæðingarorlof í ágúst og í hennar stað var ráðin til 1 árs Sigrún Erla Egilsdóttir. Í júlí fluttu Kvennalisti og Vera af Laugavegi 17 og að Austurstræti 16. Í nýja húsnaðinu höfum við afnot af skrifstofu og fundarsal og Vera hefur til umráða 2 herbergi. Þetta húsnaði hefur nýlega verið gert upp og er hið glæsilegasta.

Samráðsfundur var haldinn 24. ágúst '96 í nýju húsnaði. Þar var tekin afstaða til bréfs frá Margréti Frímannsdóttur formanni Alþýðubandalagsins um samstarf, rætt um komandi landsfund, fjármál o.fl. Ákveðið var að halda landsfund í Reykjavík og að rætt yrði um mál á sveitarstjórnarstigi. Einnig var ákveðið að svara bréfi Margrétar játandi hvað landsmálin varðar og loka engum dyrum í þeim efnum. Nýr fulltrúi í stjórn K.R.F.Í f.h. Kvennalista var útnefnd Kristín Einarsdóttir og til vara Salvör Gissurardóttir. Að fundi loknum var mikil gleðistund í betri stofunni að Austurstræti 16 fram eftir kveldi.

Framkvæmdaráð samþykkti aukið starfshlutfall Stefaníu Óskarsd. hjá þingflokkri úr 60% í 75% starf. Einnig var samþykkt að ráða Þórunni Sveinbjarnard. í u.þ.b. tveggja vikna vinnu við að taka saman kynningarefni um Kvennalista og búa til bækling. Ákveðið var að vera með kynningarbás á Jafnréttisþingi 25. okt. '96. Einnig var ákveðið að taka þátt í undirbúningi að málþingum um Kynferðislegt ofbeldi í upphafi næsta

árs og að fara þess á leit við Dóru Hlín Ingólfssdóttur að hún sitji í undirbúningsnefnd fyrir málþingin.

### Málefni Veru.

Málefni Veru komu nokkuð inn á borð Framkvæmdaráðs. Samdráttur hefur orðið í sölu og auglýsingatekjur hafa einnig dregist saman árið 1995. Tap ársins var tæp milljón. Á samráðsfundi 2. mars '96 var ákveðið að styrkja Veru fjárhagslega innan þess ramma sem fjárhagur Kvennalista leyfir, þó þannig að á árinu '96 yrði sú upphæð ekki hærri en 1,5 milljón. Þann 19. sept. '96 var haldinn fundur með Veru. Ákveðið var að efla tengslin á milli Kvennalista og Veru og að Stefanía Óskarsd. kæmi inn í ritnefndina. Einnig var rætt um að Sonja Jónsd hefði verið að íhuga að minnka við sig og fara í 1/2 starf. Ákveðið var að stefna að því að halda ráðstefnu um efni og innihald Veru þegar ritstjóramálin væru ljós. Þann 3. okt. '96 tilkynnti Sonja Jónsd. framkvæmdaráði um uppsögn sína frá áramótum Sonja ræddi um að starf ritsjóra Veru þyrfti í raun að vera meira en 100% starf, a.m.k. 120% sem tvær konur gætu þá jafnvel skipt með sér. Ákveðið var að auglýsa starfið sem fyrst.